



Hestamannafélagið Sprettur
Pósthólf 53
203 Kópavogur

Kópavogi, 29. febrúar 2024
24021889/999.00 KJ

Ný sjálfbærnistefna Hestamannafélagsins Spredds og losun hrossataðs við Kjóavelli

Hestamannafélagið Sprettur hefur óskað eftir að kynna nýja sjálfbærnistefnu félagsins fyrir fulltrúa Kópavogsbæjar. Svo virðist sem stefnan taki fyrst og fremst til nýtingar á hrossataði sem fellur til á félagssvæðinu. Kópavogsbær fagnar því að Sprettur setji sér sjálfbærnistefnu og vinni að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

Eins og gefur að skilja er hrossatað úrgangur sem fellur til af starfseminni á félagssvæðinu og líkt og með annan úrgang þarf það að fara í réttan farveg samkv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í deiliskipulagi svæðisins kemur fram að „tryggja skuli að allt tað verði flutt burt af deiliskipulagssvæðinu á þar til gerð urðunarsvæði eða önnur móttökusvæði í samráði við heilbrigðisfulltrúa“. Það er á ábyrgð félagsins að allur sá úrgangur sem fellur til frá starfseminni fari í réttan og löglegan farveg sem og að greiða kostað sem af því hlýst. Sveitarfélög koma ekki að meðhöndlun úrgangs annarra félagasamtaka eða fyrirtækja og sama þarf að gilda fyrir hestamannafélagið Sprett. Þá hefur Kópavogsbær ekki áhuga á að taka við neinu magni hrossataðs.

Hrossatað getur nýst sem ágætis jarðvegsbætur í uppgræðslu lands þrátt fyrir að innihalda takmarkað magn næringarefna, þar sem notkun undirburðar og spænis rýrir áburðargildið. Sprettur hefur lýst áhuga á að nýta taðið til að koma upp gróðurmönum, m.a. meðfram reiðstígum í nálægð við svæði félagsins. Kópavogsbær leggst gegn slíkri uppgræðslu þar sem öll losun úrgangs, þar með talið hrossataðs, annarsstaðar en í móttökustöðvar er ólögleg. Kópavogsbær mun ekki leggja til losunarstaði fyrir hrossatað á sínu bæjarlandi.

Hestamannafélagið Sprettur þarf að bera ábyrgð á þeim úrgangi sem fellur til við starfsemina og fjarlægja hrossatað af svæðinu samkvæmt því sem kemur fram í deiliskipulagi.

Vert er að nefna að úrgangsfarvegur hrossataðs hefur tekið breytingum hjá móttökuaðila. Áður fyrr var hrossatað urðað til jafns við almennan úrgang. Í dag er það hrossatað sem er skilað í móttökustöð Sorpu í Álfsnesi sett í endurnýtingu á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Hrossatað er því ekki fargað heldur notað til uppgræðslu á urðunarsvæðinu. Þetta samræmist forgangsörðun um meðhöndlun úrgangs þar sem endurnýting er fremsti farvegur í forgangsörðun úrgangsstjórnunar



sem hrossatað getur fallið undir. Þetta samrýmist einnig sjálfbærnistefnu Spretts þar sem hrossataðið frá Kjóavöllum væri notað í uppgræðslu í Álfsnesi.

Garðabær og Kópavogsbær benda á að hestamannafélagi Spretti er ekkert til fyrirstöðu að koma á samstarfi við aðila eða verkefni sem standa að uppgræðslu lands sé það gert í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Virðingarfyllst,

Karen Jónasdóttir
Verkefnastjóri

